



André Bachmann Sigurðsson
Hábergi 20
111 Reykjavík

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.09.2018
Málalýkil	00.10.1
Mál nr.	1809247

Reykjavík, 18. september 2018

Ráðhús Garðabæjar
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 1
210
Garðabær

Í meira en þrjá áratugi hef ég staðið fyrir jólahátíð fyrir fatlaða í fyrri hluta desembermánaðar ár hvert. Í ár verður þrítugasta og sjötta jólahátíðin haldin þann **5. desember nk. á Hótel Hilton** í Reykjavík. Þessar samkomur hafa unnið sér sess í samfélaginu sem ómissandi þáttur í undirbúningi á jólahaldi fyrir fatlaða.

Á þessum samkomum koma fram margir af fremstu söngvurum, tónlistarmönnum og skemmtikröftum landsins. Allir þessir aðilar koma fram og taka þátt í þessari jólagleði án þess að taka greitt fyrir framlag sitt. Uppskeyra þessa hátíðarhalds hefur verið gríðarlega ánægja og gleði þessa hóps sem fer venjulega á mis við svo margt sem við teljum vera eðlilegt að allir njóti í nútímasamfélagi.

En þó ekki þurfi að greiða flytjendum og stjórnendum laun þá fellur iðulega til margvíslegur kostnaður, svo sem hönnun á plakati, auglýsingar, heimildamyndataka, tækjaleiga, ásamt tæknimönnum, og annar kostnaður. Af þeim ástæðum bið ég góðfúslega fyrirtæki þitt að styrkja jólahátíðina með t.d. 250.000 kr. framlagi.

Reikningur jólahátíðarinnar í Íslandsbanka er:
Liknarfélagið Von: 0516 – 26 – 506611; Kt.: 506611-1700.

Með kveðju og fyrirfram þökk,

André Bachmann Sigurðsson
s. 897 2250